

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. samþykktarinnar:

- a. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Borgarstjóri hefur óbundið málfrelsi, sbr. þó ákvæði 3. mgr.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:
Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur forseti leyft borgarfulltrúum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki öðru andsvari. Hvert andsvar má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og skal ræðumanni heimilt að svara því á tveimur mínútum. Heimilt er forseta að stytta ræðutíma hvers ræðumanns í þessum umræðum. Enginn má veita andsvar oftár en tvisvar sinnum hverju sinni. Orðaskipti í andsvörum mega ekki standa lengur en fimmtán mínútur í einu.
- c. 3. mgr. verður 4. mgr.

9. gr.

1. másl. 2. mgr. 18. gr. samþykktarinnar orðast svo: Borgarstjórn getur einnig ákveðið að umræður skuli gefnar út á prenti eða með öðrum hætti ásamt því sem fært hefur verið í gerðabækur svo og önnur skjöl eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. og 1. mgr. 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. júní 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á byggingarreglugerð nr. 177/1992, með síðari breytingum.

1. gr.

Umhverfisstjórn herra getur þegar sérstaklega stendur á veitt tímabundna undanþágu frá tilteknum ákvæðum reglugerðarinnar að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutað-eigandi sveitarstjórnar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 8. júní 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.